



**Kennari/ar:** Íris Þórðardóttir

**Skammstöfun:** ÍP

### Lýsing

Í áfanganum er fjallað um þróun sjúklegra breytinga í mannlíkama frá frumulöskunum til sjúkdóma í líffærakerfum. Viðbrögðum frumna og vefja við álagi er lýst og hlutverki samvægisferla í viðhaldi heilbrigðis. Fjallað er um grundvallarhugtök í meinafræði eins og ónæmisviðbrögð, viðgerðarferli og vefjadrep. Fjallað er um sýkingar, erfðir og æxlisvöxt og tengsl umhverfisáhrifa og sjúklegra breytinga í líkama. Áhættuþættir, einkenni, orsakir, afleiðingar og meðferðarmöguleikar algengra sjúkdóma í stoðkerfi, taugakerfi og þekjakerfi eru teknir til umfjöllunar. Latneskt nafngiftakerfi í meinafræði og sjúkdómafræði er útskýrt.

**Forkröfur:** Líffæra-og lífeðlisfræði

### Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- algengum fræðilegum hugtökum sem tengjast efni áfangans
- mikilvægi samvægis fyrir heilbrigði líkamans
- þróun sjúklegra breytinga í líkama
- viðbrögðum frumna, vefja, líffæra, líffærakerfa við álagi og samvægistruflunum
- algengum sýkingum í mannlíkama og einkennum þeirra
- samspili umhverfis- og erfðapátta í sjúkdómsþróun
- flokkun, hegðun og frumorsökum æxlisvaxtar
- áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- fjölbreyttum miðlum til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- latneskum nafngiftum í meinafræði og sjúkdómafræði

## Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota algeng fræðileg hugtök sem tengjast efni áfangans
- bera saman þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum
- bera saman löskunaráhrif og smithæfni algengra sýkinga í mannlíkama
- gera grein fyrir samspili umhverfis- og erfðabátta í sjúkdómsþróun
- útskýra flokkun, hegðun og frumorsakir æxlisvaxtar
- gera grein fyrir áhættuþáttum, einkennum, orsökum, afleiðingum og meðferðarmöguleikum algengra sjúkdóma í þekjakerfi, stoð- og taugakerfi
- nota fjölbreytta miðla til þess að viðhalda og þróa þekkingu sína í sjúkdóma- og meinafræði
- nota latneskar nafngiftir yfir sjúkdóma og hugtök í meinafræði

## Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rekja þróun sjúklegra breytinga í frumum, vefjum, líffærum og líffærakerfum og útskýra viðbrögð líkamans við þeim
- viðhafa viðeigandi smitgát vegna smitandi sjúkdóma
- draga ályktanir um möguleg áhrif umhverfislaskana og erfðagalla á sjúkdómsþróun
- miðla þekkingu um meinafræði og sjúkdóma í þekjakerfi, stoðkerfi og taugakerfi á fjölbreyttan og skapandi hátt
- nýta þekkingu sína í sjúkdómafræði í starfi

**Námsefni:** Farið verður yfir fyrstu 6-7 kaflana á þessari önn og svo er bókin kláruð á haustön 2018.

**Námsmat:** Vetrarvinna 30% - nemandi þarf að skila 90% af öllum verkefnum sem sett eru fyrir, á tilsettum tíma, til að fá próftökurétt og ná mætingarskyldu, nema um annað sé samið.

Lokapróf 70%



